

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 14. mars 2023

Mál nr. E-1160/2022:

## **PK arkitektar ehf. og Pálmar Kristmundsson**

*(Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður)*

**gegn**

## **UNDRA ehf.**

*(Einar Brynjarsson lögmaður)*

### D ó m u r

1. Mál þetta var höfðað 3. mars 2022. Stefnendur eru PK arkitektar ehf., [...], og Pálmar Kristmundsson, [...]. Stefndi er UNDRA ehf., [...]. Aðalmeðferð málsins fór fram 25. janúar og var málið dómtekið að henni lokinni. Ekki tókst að leggja dóm á málið innan fjögurra vikna frá því að það var dómtekið en málið var ekki flutt á ný þar sem dómarar og aðilar töldu það óþarft, sbr. áskilnað 1. mgr. 115. gr. einkamálalaga nr. 91/1991.
2. Stefnendur krefjast þess hvor fyrir sig að stefnda verði gert skylt með dómi að láta af birtingu eftirtalinnar byggingarlistaverka að viðlögðum 10.000 króna dagsektum vegna hverrar birtingar: Á forsíðu vefsíðu stefnda, [www.undra.is](http://www.undra.is), ljósmynd af byggingu T4 á Hafnartorgi í Reykjavík, ljósmynd af byggingunni að Norðurbakka 7–9 í Hafnarfirði, ljósmynd af byggingunni að Laugavegi 4–6 í Reykjavík, ljósmynd af byggingunni að Lynghálsi 4 í Reykjavík og ljósmynd af byggingu Alvotech að Sæmundargötu 15–19 í Reykjavík. Í færslu 25. maí 2021 á Facebook-síðu stefnda ljósmynd af byggingu H2 á Höfðatorgi, Katrínartúni 4 í Reykjavík. Stefnandi, PK arkitektar ehf., krefst þess aðallega að stefndi greiði sér 1.740.000 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. júlí 2021 til greiðsludags. Stefnandi, PK arkitektar ehf., krefst þess til vara að stefndi greiði sér bætur að álitum með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 3. júlí 2021 til greiðsludags. Stefnandi, Pálmar, krefst þess aðallega að stefndi greiði sér 1.740.000 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá málshöfðunardegi til greiðsludags. Stefnandi, Pálmar, krefst þess til vara að stefndi greiði sér bætur að álitum með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá málshöfðunardegi til greiðsludags. Stefnandi, Pálmar, krefst þess að stefndi greiði sér miskabætur að fjárhæð 2.000.000 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá málshöfðunardegi til greiðsludags. Þá krefjast stefnendur hvor fyrir sig málskostnaðar úr hendi stefnda. Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnenda í málinu en til vara að kröfur verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum gerir stefndi kröfu um að stefnendum verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi.
3. Stefnandi Pálmar, sem er arkitekt, stofnaði stefnanda, PK arkitekta ehf., árið 2004 um rekstur arkitektastofu sem hann hafði starfrækt frá 1986. Hið stefnda félag sem er um rekstur arkitektastofu var stofnað 2020 af þremur fyrrum starfsmönnum stefnanda, PK

arkitekta ehf. Einn þeirra var um skeið meðeigandi að stefnanda, PK arkitektum ehf., en hinir tveir starfsmenn félagsins. Tveir þessara þriggja eru arkitektar en einn er verkfræðingur. Í málinu liggur fyrir undirritaður ráðningarsamningur annars arkitektanna þar sem fram kemur að sá höfundaréttur sem verði til við vinnu hans í þágu stefnandans, PK arkitekta ehf., verði eign atvinnurekandans en ráðningarsamningur hins arkitektanna sem fram hefur verið lagður í málinu er óundirritaður. Í júní 2021 sendi lögmaður stefnenda bréf til stefnda þar sem krafist var að stefndi fjarlægði af heimasíðu sinni og Facebook-reikningi myndir af tilteknum byggingum sem óumdeilt er í málinu að voru hannaðar og og teiknaðar í starfsemi stefnanda, PK arkitekta ehf., og greiddi nánar tilteknar skaðabætur vegna birtingarinnar. Þessum kröfum stefnenda var hafnað með því að stefndi telur að birting myndanna sé honum heimil og myndirnar standa enn á vefsíðu stefnda.

#### *Málatilbúnaður stefnenda*

4. Stefnendur byggja á því að á vefsíðu stefnda, [www.undra.is](http://www.undra.is), sé í leyfisleysi notast við verk sem stefnendur eigi höfundarétt að. Í öllum tilvikum sé um að ræða birtingu og eftirgerð á byggingarlist sem þeir eigi höfundarétt að í skilningi höfundalaga nr. 73/1972. Stefnandi, Pálmar, sé aðalhöfundur verkanna og njóti sem slíkur einkaréttar til að gera eintök af verkunum og gera þau aðgengileg almenningi skv. 2. gr. höfundalaga, sem og sæmdarréttar vegna þeirra skv. 4. gr. sömu laga. Stefnandi, Pálmar, hafi eftir atvikum ásamt öðrum starfsmönnum stefnanda, PK arkitekta ehf., framselt til stefnanda, PK arkitekta ehf., einkarétt til að gera eintök af verkunum og birta þau í atvinnustarfsemi sinni. Stefnandi, PK arkitektar ehf., hafi þannig á grundvelli framsals á höfundarétti einnig einkarétt til að gera eintök af verkunum og gera þau aðgengileg almenningi skv. 2. gr. höfundalaga. Verkin verði þannig ekki hagnýtt eða notuð í fjárhagslegum tilgangi án samþykkis stefnenda. Þá byggir stefnandi PK arkitektar ehf. jafnframt á því að háttsemi stefnda brjóti gegn 14. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.
5. Stefnendur vísa til þess að stefnandinn, Pálmar, sé höfundur hinna birtu verka og njóti einka- og sæmdarréttar vegna þeirra. Rekstur stefnanda, PK arkitekta ehf., hafi hverfst um þá byggingarlist sem stefnandi, Pálmar, hafi hannað og teiknað í gegnum tíðina og þau höfundareinkenni sem verk hans beri. Stefnandi, Pálmar, hafi verið eini arkitektinn á vegum stefnanda, PK arkitekta ehf., sem hafi verið löggiltur hönnuður skv. a-lið 1. mgr. 25., sbr. 26., gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki þegar hin umræddu verk voru hönnuð. Þannig hafi annar arkitektanna úr hópi eigenda stefnda fengið slíka löggildingu 16. febrúar 2018 og hinn 11. september 2019. Stefnandi, Pálmar, beri þannig einn ábyrgð á hönnun verkanna skv. 23. gr. laga nr. 160/2010, þ. á m. með sinni persónulegu starfsábyrgðartryggingu, sbr. 6. mgr. síðastnefndrar greinar. Stefnandi, Pálmar, hafi því einn undirritað alla uppdrætti af byggingunum. Stefnandi, Pálmar, teljist þannig höfundur verkanna, sbr. 1. mgr. 8. gr. höfundalaga, eftir atvikum ásamt þeim starfsmönnum sínum sem einnig inntu af hendi nægilegt sköpunarframlag til verkanna til að teljast meðhöfundar hans. Stefnandinn, Pálmar, njóti þannig einkaréttar til hagnýtingar verkanna í fjárhagslegum tilgangi ásamt því að njóta sæmdarréttar vegna þeirra. Stefnandi, Pálmar, og eftir atvikum samhöfundar hans hafi þó sem starfsmenn stefnanda, PK arkitekta ehf., framselt hluta höfundaréttar síns til

stefnanda, PK arkitekta ehf., þannig að félagið hafi einkarétt til notkunar verkanna í atvinnustarfsemi sinni.

6. Stefnendur byggja þannig á því að stefnandi, PK arkitektar ehf., hafi einkarétt til hagnýtingar hinna umþrættu verka í fjárhagslegum tilgangi. Höfundaréttur starfsmanna stefnanda, PK arkitekta ehf., þ. á m. fyrirvarsmanna stefnda hafi verið framseldur til stefnanda, PK arkitekta ehf. Þá vísar stefnandi, PK arkitektar ehf., til þess að í samræmi við meginreglur vinnu- og höfundaréttar teljist hann eigandi höfundaréttar af afrakstri vinnu starfsmanna stefnanda, PK arkitekta ehf., þ. á m. nefndra fyrirvarsmanna stefnda sem störfuðu við hönnun bygginga í þágu félagsins. Þeir hafi líkt og aðrir starfsmenn verið í hefðbundnu ráðningarsambandi við stefnanda, PK arkitekta ehf., og þegið föst laun fyrir vinnu sína. Þeir hafi unnið undir handleiðslu stefnanda, Pálmars, og verið, varðandi þau verk sem hér um ræðir, hluti af teyllum starfsmanna sem lutu yfirumsjón Pálmars. Þótt nefndir fyrirvarsmenn stefnda sem störfuðu við hönnun bygginga kunni í einhverjum tilvikum að hafa innt af hendi nægilegt sköpunarframlag til verkanna, til að teljast fyrsta kastið höfundar þeirra í skilningi höfundalaga, hafi sá höfundaréttur verið framseldur til stefnanda, PK arkitekta ehf.
7. Þannig er á því byggt af hálfu stefnanda að í samræmi við meginreglur höfundaréttar framseljst sá höfundaréttur frá starfsmanni til atvinnurekanda sem hinum síðarnefnda er nauðsynlegur til að nýta verk í venjulegri starfsemi sinni, þ. á m. fjárhagslegur réttur til verks. Þá sé einnig sérstaklega tiltekið í ráðningarsamningum nefndra fyrirvarsmanna stefnda sem störfuðu við hönnun bygginga að sá höfundaréttur sem yrði til við vinnu þeirra fyrir stefnanda, PK arkitekta ehf., að verkefnum stofunnar væri og yrði eign stefnanda, PK arkitekta ehf. Hugsanlegur höfundaréttur starfsmannanna til verka sem þeir komu að í starfi sínu fyrir stefnanda, PK arkitekta ehf., hafi því framselst til þess síðastnefnda, bæði samkvæmt lögum og samningum. Stefnandi, PK arkitektar ehf., byggir því á að hann eigi einkarétt á að nýta framseld höfundaréttarverk starfsmanna sinna í fjárhagslegum tilgangi, a.m.k. í starfsemi líkt og þeirri sem felst í rekstri stefnanda, PK arkitekta ehf., þ.e. starfsemi arkitektastofa.
8. Stefnendur byggja á því að þeir hafi báðir einkarétt, samhliða einkarétt, til þeirra verka sem hér um ræðir þannig að þeir geti hvor um sig bannað tiltekna notkun þeirra. Stefnendur byggja á því að framsal stefnanda, Pálmars, á höfundarétti til stefnanda, PK arkitekta ehf., hafi verið með þeim hætti að stefnandi, PK arkitektar ehf., hafi ekki óheft frelsi til að áframselja einkarétt sinn af verkunum til annarra, heldur hafi hann fengið framseldan rétt til notkunar á verkunum í sinni arkitektastarfsemi. Stefnandi, Pálmars, hafi þannig rétt til að banna aðra notkun verkanna. Þar sem stefnandi, PK arkitektar ehf., hafi fengið framseldan einkarétt til notkunar verkanna í arkitektastarfsemi sinni geti hann að sama skapi bannað að aðrir noti verkin í sömu eða svipaðri starfsemi. Stefnendur geti því samhliða sótt rétt vegna brota á einkarétti til verkanna, svo sem með kröfu um skaðabætur. Vísa stefnendur í þessu sambandi einnig til 4. gr. tilskipunar 2004/48/EB og telja að skýra verði höfundalög í samræmi við þá tilskipun.

9. Stefnendur vísa til þess að hin umþrætta myndbirting á heimasíðu stefnda og Facebook-reikningi feli í sér heimildarlausu eftirgerð og birtingu á höfundarverkum stefnanda. Í engu tilviki sé getið nafns stefnanda, Pálmars, eða höfundaréttar stefnanda, heldur þvert á móti látið líta út sem um sé að ræða höfundarverk stefnda og hans stjórnenda. Birtingarnar gefi þannig til kynna að síðastnefndir aðilar séu höfundar bygginganna í stað stefnanda. Hönnun bygginga sé eðli máls samkvæmt einn mikilvægasti þáttur arkitektastarfsemi. Birtingarnar séu því til þess fallnar að villa um fyrir neytendum og almenningi hvað varðar höfund þeirra. Þá sé eins og að framan er rakið stefnandi, Pálmar, aðalhönnuður allra hinna umþrætta byggingarlistaverka. Því njóti stefnandi, Pálmar, einkaréttar skv. 2. gr. höfundalaga til að gera eintök af verkunum og gera þau aðgengileg almenningi. Framangreind birting ljósmynda af byggingarlist stefnanda, Pálmars, hafi því brotið gegn nefndum einkarétti hans. Þá hafi breyting á verki hans á mynd með Facebook-færslu 25. maí 2021 einnig brotið gegn einkarétti hans. Stefnendur vísa til þess að stefnandi, Pálmar, njóti sæmdarréttar skv. 4. gr. höfundalaga til verkanna. Við birtingu verkanna sé nafns stefnanda, Pálmars, í engu getið. Með birtingu verkanna sé stefnandi, Pálmar, með ólögmatum hætti sviptur rétti til þess að vera kenndur við höfundarverk sín. Þá vegi breytingin á verki stefnanda, Pálmars, í fyrnefndri Facebook-færslu að höfundarheiðri hans. Birting verkanna feli þannig í sér skýrt brot á sæmdarrétti stefnanda, Pálmars, samkvæmt fyrnefndu lagaákvæði. Með vísan til framsals einkaréttar til stefnanda, PK arkitekta ehf., skv. 2. gr. höfundalaga sem að framan er rakin hafi nefnd birting ljósmynda á vegum stefnda einnig brotið gegn einkarétti stefnanda, PK arkitekta ehf., til verkanna. Engu breyti þótt nefndir fyrirsvarsmenn stefnda sem störfuðu við hönnun bygginga í þágu PK arkitekta ehf. kunni í einhverjum tilvikum að hafa innt af hendi sköpunarframlag til umræddra verka, enda hafi hugsanlegur höfundaréttur þeirra framselst til stefnanda, PK arkitekta ehf., í þeim skilningi sem hér skiptir máli. Því hafi stefndi engan rétt átt til að nýta verkin í fjárhagslegum tilgangi, hvað þá í samkeppni við stefnanda, PK arkitekta ehf., og honum með því til frekara tjóns.
10. Stefnendur byggja á því að notkun stefnda á höfundaréttarvörðum verkum stefnanda falli ekki undir undanþáguákvæði II. kafla höfundalaga um takmarkanir á höfundarétti. Stefnendur áréttu sérstaklega að notkun stefnda verði ekki réttlætt með vísan til 16. gr. höfundalaga. Ákvæðið helgist af jafnvægi sem gæta verði milli einkaréttar höfundar og hagsmuna almennings af því að geta tekið og birt myndir af byggingum og listaverkum á almannafæri, sem ekki eigi við. Höfundaréttur njóti verndar 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og meginregla sé að höfundur hafi einkarétt til eftirgerðar og birtingar verka sinna. Því verði að skýra ákvæði sem takmarki þann rétt, líkt og 16. gr. höfundalaga, þrengjandi lögskýringu. Ekkert réttlæti umrædda notkun stefnda á verkum stefnanda. Stefndi noti höfundarverkin í fjárhagslegum tilgangi með því að auglýsa þau á vefsíðu sinni og gefi ranglega í skyn að um verk og hönnun stefnda sé að ræða. Þá noti stefndi verkin í samkeppni við stefnendur. Því helgist notkunin ekki af almanna-hagsmunum. Slíkt tilvik falli ekki undir undanþáguákvæði 16. gr. höfundalaga, hvorki fyrri né síðari málsl. ákvæðisins.

11. Stefnendur telja að síðari málsl. 16. gr. höfundalaga feli í sér afnotakvöð á rétti höfunda að byggingarlist og listaverkum á almannafæri þegar slík verk eru aðalatriði myndar og þau séu notuð í fjárhagslegum tilgangi. Stefnendur telja ljóst að umrætt ákvæði eigi einungis við um sanngjörn og eðlileg not á viðkomandi höfundarverkum, t.d. þegar myndir af slíkum verkum séu notuð á póstkort, en ekki þegar aðili eignar og nýtir sér verk í fjárhagslegum tilgangi til tjóns fyrir rétthafa, líkt og stefndi geri. Stefnendur telja ljóst að öll not á grundvelli undantekninga frá einkarétti rétthafa þurfi að uppfylla svonefnda „þriggja þrepa reglu“ til að teljast lögmæt. Í reglunni felist að undantekningum og takmörkunum á einkarétti rétthafa verði aðeins beitt ef þær 1) varða tiltekin sértilvik, 2) stríði ekki gegn eðlilegri hagnýtingu verks og 3) skerði ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagsmuni rétthafa. Stefnendur vísa í þessu sambandi til 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/29/EB og annarra þjóðréttarskuldbindinga, einkum 2. mgr. 9. gr. Bernarsáttmála, sem skýra verði ákvæði höfundalaga, þ. á m. 16. gr. þeirra, til samræmis við. Stefnendur telja ljóst að notkun stefnda uppfylli alls ekki þessi skilyrði. Með vísan til framangreinds telja stefnendur ljóst að not stefnda á höfundaréttarvörðum verkum stefnenda falli augljóslega utan 16. gr. höfundalaga, enda myndi önnur nálgun stríða gegn áðurnefndri þriggja þrepa reglu og þar með skuldbindingum Íslands skv. EES-samningnum og þjóðréttarsamningum á sviði höfundaréttar. Þá telja stefnendur að hvað sem framangreindu líði hafi stefndi hvorki beðið stefnendur um leyfi til að hagnýta höfundarverkin né boðist til að greiða stefnendum neina þóknun fyrir hagnýtingu myndanna. Notkun stefnda á höfundarverkum stefnenda sé af þeim sökum augljóslega óheimil.
12. Stefnandi, PK arkitektar ehf., byggir sjálfstætt á því að áðurnefnd birting stefnda á myndum af byggingum sem hannaðar voru og notaðar í arkitektastarfsemi stefnanda, PK arkitekta ehf., brjóti gegn lögum nr. 57/2005, einkum 14. gr. Umræddar myndbirtingar stefnda í arkitektastarfsemi sinni, á forsíðu vefsíðu stefnda, gefi misvísandi til kynna uppruna hönnunar á byggingunum, en hönnun bygginga sé eðli máls samkvæmt einn mikilvægasti þáttur arkitektastarfsemi. Myndbirtingarnar séu til þess fallnar að villa um fyrir neytendum hvað uppruna hönnunar bygginganna varði. Birting þeirra feli í sér ólögmæta hagnýtingu á rétti stefnanda, PK arkitekta ehf., skv. lögum nr. 57/2005 sem viðurkennt sé að hafi nán tengsl við hugverka- og einkaréttindi. Byggir stefnandi, PK arkitektar ehf., á því að með myndbirtingunum færi stefndi sér með ólögmætum hætti í nyt viðskiptavild stefnanda, PK arkitekta ehf.
13. Stefnendur telja þá háttsemi stefnda sem að framan er lýst, að birta og eigna sér höfundarverk stefnenda, skýrt og alvarlegt brot á rétti þeirra. Þannig feli birting hverrar myndar í sér sjálfstætt brot á rétti stefnenda. Stefnendur njóti samhliða einkaréttar til verkanna og geti því hvor um sig sótt rétt vegna brota á einkarétti til verkanna. Krefjast stefnendur þess hvor fyrir sig að stefnda verði gert skylt að láta af hinni ólögmætu háttsemi að viðlögðum 10.000 króna dagsektum vegna hvers verks til handa hvorum stefnenda fyrir sig, sbr. síðari málsl. 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi, PK arkitektar ehf., vísar einnig til 1. mgr. 25. gr. b laga nr. 57/2005.
14. Stefnendur krefjast þess með vísan til 1. mgr. 56. gr. höfundalaga og almennra reglna skaðabótaréttar að stefndi greiði sér bætur vegna áðurnefndra brota. Ljóst sé að öll

skilyrði bótaskyldu séu uppfyllt. Brot hafi verið framin með sagnæmum og ólögmetum hætti og falið í sér brot gegn ákvæðum höfundalaga. Jafnvel þótt talið yrði að brotin hefðu verið framin í góðri trú sé bótaskylda fyrir hendi, sbr. síðari málsl. 1. mgr. 56. gr. höfundalaga. Í tilviki stefnanda, PK arkitekta ehf., hafi háttsemi stefnda einnig falið í sér brot á lögum nr. 57/2005, einkum 14. gr. þeirra. Stefnendur vísa til þess að fyrir liggi að hin bótaskylda háttsemi hafi verið innt af hendi af einhverjum af stjórnendum stefnda eða þeim öllum. Beri stefndi skaðabótaábyrgð á því tjóni sem háttsemi umræddra stjórnenda hafi valdið stefnendum á grundvelli reglna skaðabóta-rettar um samsömun og vinnuveitendaábyrgð.

15. Stefnendur vísa til þess að erfitt sé að færa sönnur á nákvæmt tjón þeirra vegna háttsemi stefnda. Stefnendur byggja á því að við ákvörðun bóta beri í fyrsta lagi að líta til hæfilegs endurgjalds fyrir notkun á umræddum verkum. Hæfilegt endurgjald – eða nytjaleyfisgjald – fyrir notkun höfundarverka ráðist m.a. af þeim tíma sem notkun varir. Hin ólögmeta notkun stefnda hafi hafist í maí 2021 og standi enn yfir. Ekki sé til að dreifa gjaldskrá á vegum Arkitektafélags Íslands um endurgjald fyrir notkun á byggingarlistaverkum. Þá hafi reynst ómögulegt að afla upplýsinga um samninga um þóknun vegna einstakrar notkunar á arkitektaverki. Á vegum Myndstefs, sem Arkitektafélag Íslands sé aðili að, sé haldið úti gjaldskrá fyrir birtingu ljósmynda. Samkvæmt þeirri gjaldskrá sé gjald fyrir birtingu á ljósmyndaverki á vefsíðu fyrir verslun og viðskipti 5.645 krónur fyrir hvern mánuð. Samkvæmt þeirri gjaldskrá væri gjald fyrir lögmet not 50.805 krónur vegna slíkra verka í þann tíma sem brot stefnda í mgr. 16.1 hafi staðið, en 5.645 krónur varðandi brotin í mgr. 16.2. Samkvæmt gjaldskránni sé gjald fyrir birtingu á ljósmyndaverki á samfélagsmiðlum 3.281 króna fyrir hvern mánuð. Samkvæmt gjaldskránni væri gjald fyrir lögmet not slíkra verka í þann tíma sem brot stefnda í mgr. 16.3 hafi staðið 29.529 krónur.
16. Stefnendur telja ljóst að hæfilegt nytjaleyfisgjald vegna lögmetrar notkunar á verkunum í áður nefndan tíma nemi hærri fjárhæð en að framan greinir. Í fyrsta lagi sé almennt viðurkennt að fjárhæðir í gjaldskrá Myndstefs séu lágar og hugsaðar sem algjörar lágmarksgreiðslur. Gjaldskráin taki helst til ljósmynda skv. 1. mgr. 49. gr. höfundalaga, þ.e. ljósmynda sem ekki ná verkshæð til að teljast verk í skilningi höfundalaga og séu háðar afnotakvöð. Ekki sé hægt að leggja gjaldskrána að fullu leyti til grundvallar hæfilegu endurgjaldi vegna birtinga á verkum sem ná verkshæð og séu háðar samþykki höfunda líkt og eigi við um byggingarlistaverk stefnanda. Aðrir samningar um þóknun vegna einstakrar notkunar á arkitektaverki séu nærtækari grundvöllur við mat á hæfilegu endurgjaldi. Stefnendur hafi ekki aðgang að slíkum samningum en telji augljóst að þóknun samkvæmt slíkum samningum sé ákveðin hærri en samkvæmt gjaldskrá Myndstefs. Þá taki gjaldskráin ekki á því þegar einkaréttur til verks er á hendi fleiri en eins aðila. Slíkt kalli iðulega á herra nytjaleyfisgjald en ef einkarétturinn væri á hendi eins aðila. Stefnendur byggja á því að ákvarða verði hvorum stefnanda fyrir sig nytjaleyfisgjald, vegna einkaréttar hvors stefnanda fyrir sig, á grundvelli gjaldskrárinnar auk framangreindra atriða.
17. Með vísan til framangreinds byggja stefnendur á að hæfilegt endurgjald fyrir lögmeta notkun verkanna sem enn séu á vefsíðu stefnda, sbr. mgr. 16.1, sé 100.000 krónur

vegna hvors stefnanda fyrir hverja birtingu í þann tíma sem brotin hafa staðið. Stefnendur byggja á að hæfilegt endurgjald fyrir lögmæta notkun á verkunum sem tekin hafa verið niður af vefsíðu stefnda, sbr. mgr. 16.2, sé 10.000 krónur vegna hvors stefnanda vegna hvers verks fyrir sig. Þá byggja stefnendur á að hæfilegt endurgjald fyrir notkun á verkinu á Facebook-síðu stefnda, sbr. mgr. 16.3, sé 60.000 krónur vegna hvors stefnanda að teknu tilliti til þess tíma sem brot stefnda hafi staðið yfir.

18. Stefnendur byggja á því að við ákvörðun bóta beri að bæta við álagi vegna frekara tjóns stefnanda og hagnaðar stefnda af broti sínu, sbr. athugasemdir við 12. gr. frumvarps til laga nr. 93/2010. Í þessu sambandi vísa stefnendur til þess að hin ólögmæta notkun stefnda hafi verið með þeim hætti að látið hafi verið líta út fyrir að stefndi eða stjórnendur hans væru aðalhöfundar eða einu höfundar umræddra verka. Þannig hafi stefndi og stjórnendur hans nýtt sér höfundarverk stefnanda án heimildar til eigin frama. Í brotum stefnda hafi þannig falist misnotkun á viðskiptavild stefnanda þeim til tjóns og stefnda til hagsbóta. Stefnendur byggja á því að bæta verði við áðurnefnt nytjaleyfisgjald álagi sem nemi tvöföldu slíku gjaldi. Bótakrafa hvors stefnanda vegna brota stefnda nemi því 1.740.000 krónum  $((5 \times 300.000) + (2 \times 30.000) + 180.000)$ . Stefnendur byggja á því til vara að bæta beri að lágmarki við álagi jafnháu fyrrnefndu nytjaleyfisgjaldi, sbr. athugasemdir við 12. gr. frumvarps til laga nr. 93/2010, þannig að stefnda beri að greiða stefnendum hvorum um sig 1.160.000 krónur  $((5 \times 200.000) + (2 \times 20.000) + 120.000)$ . Þannig væri enginn hvati til að afla samþykkis höfundar vegna notkunar á verki hans ef hinn brotlegi þyrfti eingöngu að greiða einfalt nytjaleyfisgjald vegna hinnar ólögmætu notkunar. Stefnendur setja hvor fyrir sig fram varakröfu um að skaðabætur verði ákveðnar að álitum telji dómurinn að sönnur verði ekki færðar á nákvæmt tjón stefnanda. Beri þá engu að síður að greiða stefnendum bætur að álitum, sbr. lokamásl. 2. mgr. 56. gr. höfundalaga. Byggja stefnendur á því að við ákvörðun bóta að álitum beri að hafa hliðsjón af þeim atriðum sem að framan eru rakin.
19. Stefnandi, Pálmar, gerir kröfu um að stefndi greiði honum miskabætur vegna hinna meintu ólögmætu brota. Kröfuna byggir hann á 3. mgr. 56. gr. höfundalaga. Stefnandinn telur ljóst að skv. dómaframkvæmd leiði hvers konar ólögmæt brot á höfundarétti höfundar af sér rétt til miskabóta. Þetta eigi a.m.k. við þegar upprunalegur höfundur eigi í hlut. Af dómaframkvæmd megi ráða að framangreint styðjist m.a. við þau rök að með slíkum brotum sé höfundur sviptur ákvörðunarrétti um notkun hugverks síns. Við bætist að með hinum ólögmætu brotum hafi verið brotið gegn sæmdarrétti Pálmars og hafi hann því orðið fyrir frekara ófjárhagslegu tjóni. Í þessu sambandi vísar hann til þess að hin ólögmæta notkun stefnda hafi verið með þeim hætti að látið hafi verið líta út fyrir að stefndi eða stjórnendur hans væru aðalhöfundar eða jafnvel einu höfundar umræddra verka. Þannig hafi nafns stefnanda, Pálmars, í engu verið getið sem feli í sér skýrt brot á sæmdarrétti hans. Stefnandi, Pálmar, hafi þannig með ólögmætum athöfnum stefnda verið sviptur rétti til þess að vera kenndur við höfundarverk sín. Orðspor arkitekta tengist órofa böndum þeim byggingum sem þeir hafi hannað. Það sé því sérlega íþyngjandi fyrir arkitekt að vera ekki kenndur við höfundarverk sín eða að skapa óvissu eða vafa um að hann eigi verk, t.d. með því að aðrir eignir sér verk hans opinberlega, líkt og stefndi geri. Þannig hafi

stefnandi, Pálmar, orðið fyrir miska og eigi rétt til miskabóta, sbr. 3. mgr. 56. gr. höfundalaga. Stefnandi, Pálmar, telur að við ákvörðun miskabóta verði að hafa í huga að brot stefnda taki til margra verka og séu umfangsmikil. Þá sé sök stjórnenda stefnda jafnframt mikil. Enn fremur verði að líta til þess að stefndi hafi ekki brugðist við réttmætri kröfu stefnenda um að verkin yrðu fjarlægð af vefsíðu stefnda heldur þvert á móti látið verkin standa áfram sem aukið hafi á ófjárhagslegt tjón stefnanda, Pálmars.

#### *Málatilbúnaður stefnda*

20. Stefndi hafnar því að hafa gerst sekur um nokkurs konar brot gegn hvers kyns meintum rétti stefnenda. Þá hafnar stefndi því alfarið að stefnandi, Pálmar, sé höfundur þeirra verka sem málið hverfist um og njóti sem slíkur einn höfunda- og sæmdarréttar þeim tengdum. Jafnframt hafnar stefndi því að stefnandi, PK arkitektar ehf., hafi einn einkarétt til hagnýtingar verkanna í fjárhagslegum tilgangi og að stefndi hafi brotið gegn framangreindum réttindum með þeim hætti að bótaskyldu varði. Stefndi vísar til þess að hann hafi aldrei látið í það skína að hann eða fyrirsvarsmenn hans væru eini arkitektinn eða einu raunverulegu hönnuðir þessara bygginga og stefnendur séu og hafi lengi verið meðvitaðir um það.
21. Stefndi byggir á því að aðkoma eigenda stefnda að umræddum byggingum sé óumdeild. Þannig sé í gögnum málsins gerð skýr grein fyrir aðkomu arkitektanna úr eigendahópi stefnda að hönnun hvernar einustu byggingar sem nefnd er í stefnu. Eins hafi verkfræðingurinn úr eigendahópnum haft aðkomu að hönnun allra bygginganna. Þeir hafi allir lagt hönd á plóg við þau verkefni sem tilgreind séu á vefsvæði stefnda. Sem meðhöfundar að umræddum byggingum eigi eigendur stefndu sæmdarrétt sem bundinn sé þeim verkum sem ekki verði framseldur eða af þeim tekinn með öðrum hætti.
22. Stefndi hafnar því alfarið að hann hafi, með myndbirtingum á vefsvæði sínu, hagnýtt sér höfundarverk og/eða höfundarétt stefnenda að umræddum byggingum. Eigendur stefnda hafi ekki gert annað en að kynna sig og reynslu sína innan þeirra marka sem sæmdarréttur þeirra heimilar, sbr. 4. gr. laga nr. 73/1972. Engu breyti þótt það hafi verið gert undir merkjum stefnda en ekki hver og einn persónulega, þótt það komi skýrt fram á öðrum stöðum á vefsvæðinu. Þá sé aðkomu eigenda stefnda, og starfa þeirra fyrir stefnandann, PK arkitekta ehf., vandlega getið á sama vefsvæði. Það sé því af og frá að stefndi hafi með nokkru móti reynt að villa um fyrir viðskiptavinum eða öðrum þeim sem vefsíðuna skoða um hvað sé rétt og rangt hvað varðar aðkomu þeirra að hönnun og útfærslu umræddra bygginga.
23. Hvað varðar einstakar myndbirtingar á vefsvæði sínu byggir stefndi á því að ljósmyndirnar sýni aðeins lítinn hluta þeirra bygginga sem þær eru teknar af. Myndirnar séu birt með leyfi ljósmyndarans sem tók þær. Myndirnar séu ekki af arkitektúr viðkomandi byggingar heldur endurspegli þær listræna sýn ljósmyndarans sem sýni efniskennd, takt og myndbyggingu sjálfrar ljósmyndarinnar með hliðsjón af þeim skilaboðum sem myndinni sé ætlað að senda, sem sé í eðli sínu listaverkið sem um ræðir, en ekki byggingin sem myndin er tekin af. Þá sé ekki um að ræða einkennandi

byggingarlist, enda hafi sambærileg framsetning verið bæði algeng og endurtekin í byggingum hérlendis og erlendis. Þá sé því hafnað að aðkomu stefnenda sé ekki getið í framsetningu myndanna. Umræddar byggingar séu tilgreindar á sama vefsvæði stefnda í umfjöllun um fyrri reynslu eigenda stefnda og tiltekið sé hver aðkoma starfsmanna stefnda hafi verið að umræddri byggingu, í hvaða formi sú aðkoma var, hver sé skráður arkitekt hennar, þ.e. stefnandinn, PK arkitektar ehf., og hver eigandinn sé. Það sé því rangt, og haldið fram gegn betri vitund stefnenda, að stefndi hafi látið líta út sem um hafi verið að ræða höfundarverk stefnda.

24. Stefndi hafnar málatilbúnaði stefnenda um að myndbirtingar hans á vefsíðu sinni hafi brotið gegn meintum rétti stefnenda skv. 2., 4. og 16. gr. laga nr. 73/1972. Hvað sem meintum höfundarétti kunni að líða hafi raunverulegur höfundur verks ávallt rétt til að kenna sig við verkið, hvort sem hann var eini höfundur þess eða einn meðhöfunda. Leiði það af sæmdarrétti höfundar skv. 4. gr. laga nr. 73/1972, en í honum felist m.a. sá grundvallarréttur höfundar að kenna sig við verk sín og kynna þau. Eigendur stefnda og félag þeirra verði ekki svipt þessum rétti, enda sé hann ekki framseljanlegur og njóti verndar gagnvart þeim takmörkunum sem kveðið sé á um í II. kafla laga nr. 73/1972, sbr. 1. mgr. 26. gr. þeirra.
25. Stefndi byggir á því að íslenskir dómstólar hafi viðurkennt þennan rétt höfundar til þess að tilgreina verk sín í verkefnaskrá sinni, óháð hugsanlegum höfundarétti atvinnurekanda. Stefndi og eigendur stefnda hafi því óskoraðan rétt til þess að kynna höfundarverk sín fyrir almenningi. Notkun stefnda á myndunum sé eingöngu í því skyni að kynna þá sem þar standi að baki og þeirra fyrri reynslu, líkt og sá texti sem fylgi myndbirtingunni gefi til kynna. Hvorki sé verið að nota höfundaréttarvarðar teikningar bygginganna í rekstri stefnda né séu myndverkin notuð í auglýsingum eða hagnýtt á nokkurn hátt þannig að brotið sé gegn höfundarétti stefnenda.
26. Stefndi byggir jafnframt á heimild 16. gr. laga nr. 73/1972 sem heimili honum og öðrum að taka og birta myndir af byggingum sem staðsettar hafi verið varanlega utanhúss án endurgjalds. Sé það meginregla hvað varði slíkar myndbirtingar og frá þeirri meginreglu sé gerð sú undantekning að höfundar eigi rétt til þóknunar fyrir slíkar myndbirtingar ef bygging nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist, bygging sé aðalatriði ljósmyndarinnar og ljósmyndin sé hagnýtt til markaðssölu. Stefndi telur sig hafa verið í fullum rétti til myndbirtinganna þar sem meint einkennandi byggingarlist umræddra bygginga hafi ekki í nokkru tilviki verið aðalatriði myndanna og þar sem stefndi hafi ekki hagnýtt umrædd verk í markaðssölu.
27. Stefndi byggir á því, hvað varðar tilvísun stefnenda til svonefnds þriggja þrepa viðmiðs sem eigi rætur sínar að rekja til 2. mgr. 9. gr. Bernarsáttmálans, að framsetning ljósmyndanna, sem stefndi eigi allan rétt að og sýni eingöngu smáan og óeinkennandi hluta hvernar byggingar, uppfylli öll þrjú framangreind viðmið. Fyrsta viðmiðið sé uppfyllt þar sem um sé að ræða sérgreind tilvik. Hvað annað viðmiðið varðar hafnar stefndi því að myndbirting stefnda skerði eða hafi yfir höfuð nokkur áhrif á möguleika stefnenda til að hagnýta myndefni myndanna. Hafa beri í huga að ákvæði 16. gr. laga nr. 73/1972 taki til dreifingar í svonefndum markaðstilgangi.

Kjarnatilvik slíkrar dreifingar og endurgerðar sé tilgreint í athugasemdum um 16. gr. í greinargerð með frumvarpi að gildandi lögum. Þar sé vísað til listaverka sem hagnýtt séu í ávinningsskyni, svo sem með sölu póstkorta með mynd af tilteknu verki. Með slíkri hagnýtingu væri vitaskuld verið að takmarka möguleika höfundarins sjálfs til að hagnýta verk sitt með sama hætti. Það gildi hins vegar ekki um myndbirtingar í dagblöðum eða þá á vefmiðlum. Með sama hætti sé hér ekki um að ræða neins konar hagnýtingu af hálfu stefnda sem gæti takmarkað rétt stefnenda til sömu hagnýtingar. Hvaða þriðja viðmiðið varði sé ljóst að engir hagsmunir stefnenda séu skertir með umræddum myndbirtingum. Stefnandans, PK arkitekta ehf., sé skilmerkilega getið í framsetningu á vefsíðu stefnda og öllum sem hana lesi sé ljóst að allir eigendur stefndu séu fyrrum starfsmenn stefnandans, PK arkitekta ehf., og að þeir hafi komið að hönnum umræddra bygginga sem starfsmenn þess félags.

28. Stefndi hafnar alfarið fjárkröfum stefnenda og byggir á því að þær séu í engu samræmi við gildandi lög og reglur. Í öllu falli beri að lækka þær verulega. Stefnendur hafi ekki að nokkru leyti sýnt fram á tjón af meintri háttsemi stefnda. Samsetning krafna og rökstuðningur þar að baki haldi engu vatni og sé ekki í samræmi við fjárhæðir bóta sem viðurkenndar hafi verið í öðrum sambærilegum ágreiningsmálum, óháð öðrum atriðum þessa máls. Stefndi mótmælir því sérstaklega að stefnendur geri báðir sömu kröfur í málinu. Fyrir liggir að ef brotið hafi verið gegn meintum rétti annars geti hinn ekki átt sama rétt eðli máls samkvæmt. Stefnendur hafi hvergi útskýrt hvers vegna stefndi hefði nokkru sinni þurft að greiða þeim báðum sömu greiðslur fyrir notkun myndanna. Ljóst sé að stefnendur geti ekki báðir átt sæmdarrétt, enda sé hann persónubundinn. Þá geti stefnendur ekki báðir átt höfundarétt að umræddum verkum, en stefnendur byggir á því til skiptis að höfundarétturinn sé stefnandans, Pálmars, eða að hann hafi framselt hann til stefnandans, PK arkitekta ehf. Ekkert liggir hins vegar fyrir um slíkt framsal sem ekki verði séð að hafi verið gerð tilraun til að sanna. Telji stefndi að dómurinn ætti að taka til skoðunar að vísa málinu frá dómi án kröfu þegar af þeirri ástæðu, sbr. d- og e-liði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Réttast sé þó einfaldlega að sýkna stefnda af þessum fjárkröfum, enda geti sú kröfugerð sem sett sé fram í stefnu ekki staðist. Þá hafnar stefndi öllum kröfum um miskabætur og krefst sýknu en til vara lækkunar af þeim ástæðum sem að framan greinir. Hafnar stefndi því að skilyrði 26. gr. laga nr. 50/1993 séu uppfyllt, enda hafi stefnendur ekki svo mikið sem leitast við að sanna eigin miska eða hina meintu ólögætu meingerð.

#### *Niðurstaða*

29. Fyrir liggur að á vefsíðu stefnda, [www.undra.is](http://www.undra.is), og á Facebook-síðu stefnda eru birtar ljósmyndir sem voru teknar af tilgreindum byggingum sem hannaðar voru í starfsemi stefnenda meðan fyrirvarsmenn stefnda voru þar við störf. Stefndi vísar til þess að nefndar ljósmyndir sýni aðeins lítinn hluta þeirra bygginga sem þær eru teknar af og að myndirnar séu ekki af arkitektúr viðkomandi byggingar heldur endurspegli listræna sýn ljósmyndarans sem skapi sjálfstætt listaverk, óháð byggingunni sem myndin er tekin af. Á þessa málsvörn stefnda getur dómurinn ekki fallist. Það er afstaða dómsins að sú myndbirting sem um er deilt sé sett fram í þeim tilgangi að skapa hugræn tengsl milli viðkomandi bygginga sem stefndi telji að honum sé akkur í að tengjast og höfundarverka fyrirvarsmanna stefnda. Úrlausnarefni málsins verður því ekki hvort

stefndi hafi valið að setja fram slíka tengingu í kynningarefni sínu heldur hvort og þá að hvaða marki honum sé það heimilt. Þá verður með hliðsjón af framansögðu að hafna málsrökum stefnda um að honum sé myndbirtingin heimil með vísan til 16. gr. höfundalaga nr. 73/1972 í skjóli almennrar heimildar til að taka og birta myndir af byggingum og listaverkum sem eru varanlega staðsett á almannafæri utanhúss. Sú regla á að mati dómsins einfaldlega ekki við einsog hér stendur á.

30. Einsog atvik málsins liggja fyrir lítur dómurinn svo á að ekki sé ágreiningur um að fyrirvarsmenn stefnda hafi sem starfsmenn stefnanda, PK arkitekta ehf., komið að verkum í mismiklum mæli við hönnun á byggingum þeim sem birtar eru á hinum umþrættu myndum. Stefndi vísar til þess að í ljósi þessa eigi fyrirvarsmenn hans, sem meðhöfundar að umræddum byggingum, sæmdarrétt sem bundinn sé þeim verkum og sem ekki verði framseldur eða af þeim tekinn með öðrum hætti. Einsog að framan er getið liggur fyrir í málinu undirritaður ráðningarsamningur annars arkitektsins úr hópi fyrirvarsmanna stefnda og stefnandans, PK arkitekta ehf., þar sem sérstaklega er tekið fram að höfundaréttur sem verði til við vinnu starfsmannsins í þágu atvinnurekandans verði eign atvinnurekandans. Ráðningarsamningur hins arkitektsins úr hópi fyrirvarsmanna stefnda liggur ekki fyrir undirritaður og um þetta atriði er ekki fjallað í ráðningarsamningi verkfræðingsins sem er þriðji fyrirvarsmaður stefnda. Það hefði enda að mati dómsins tæplega átt við eða haft þýðingu við úrlausn þessa máls. Það er afstaða dómsins að hvað sem líði framsetningu ákvæða um höfundarétt í nefndum ráðningarsamningum verði við það að miða að um höfundarétt í starfssambandi stefnandans, PK arkitekta ehf., og fyrirvarsmanna stefnda hafi gilt þau almennu sjónarmið sem að jafnaði eiga við ef ekki er sérstaklega umsamið á annan veg að atvinnurekandinn, PK arkitektar ehf., hafi eignast þann höfundarétt sem honum var nauðsynlegur til að geta nýtt höfundarverk þau sem urðu til í starfsemi hans með eðlilegum hætti í atvinnurekstri sínum.
31. Fallast verður á það með stefnda að fyrirvarsmenn hans hafi sem meðhöfundar rétt til að tilgreina verk sem þeir hafa unnið að í verkefnaskrá sinni, óháð höfundarétti atvinnurekanda þess sem þeir unnu fyrir þegar verkin voru unnin. Framsetning þeirrar kynningar einsog hún kemur fram á vefsvæði og á Facebook-síðu stefnda felur hins vegar í sér rýmri notkun en sem leiðir af slíkum rétti til að tilgreina verk í verkefnaskrá. Þannig verður að fallast á það með stefnendum að aðkomu þeirra og höfundaréttar sé ekki getið með fullnægjandi hætti við framsetningu myndanna. Þannig er ekki nægjanlegt að unnt sé með allmörgum flettingum í dýpri kima vefsvæðis stefnda að átta sig á því hver sé skráður arkitekt bygginganna eða eigandi höfundaréttar. Því verður að fallast á með stefnendum að framsetning stefnda sé til þess fallin að skapa misskilning um að umræddar byggingar sem myndirnar eru af séu höfundarverk fyrirvarsmanna stefnda. Með slíkri framsetningu gengur stefndi á rétt stefnanda með ólögmatum hætti svo að efni eru til að fallast á kröfu stefnanda um að stefnda verði gert skylt með dómi að láta af nefndri birtingu að viðlögðum dagsektum.
32. Stefnendur krefjast þess með vísan til 1. mgr. 56. gr. höfundalaga og almennra reglna skaðabótaréttar að stefndi greiði sér bætur vegna hinnar óheimilu myndbirtingar og vísa til þess að við ákvörðun bóta beri að líta til hæfilegs endurgjalds fyrir notkun á

umræddum verkum sem staðið hafi frá því í maí 2021 og standi enn. Vísa þeir um grundvöll bótafjárhæðar til gjaldskrár Myndstefs fyrir birtingu ljósmynda. Dómurinn getur ekki fallist á að unnt sé að ákvarða stefnendum bætur á þessum grundvelli og ekki verður talið að nefnd gjaldskrá geti verið grundvöllur ákvörðunar bótafjárhæðar einsog hér stendur á. Kemur þar til m.a. mat á eðli þeirrar starfsemi sem stefnendur stunda og það á hvern hátt tekjur af þeirri starfsemi eru almennt fengnar. Þá verður með vísan til málalíbúnaðar stefnenda að telja að aðeins stefnandinn PK arkitektar ehf. sem fer með fjárhagslega þætti höfundarréttar stefnandans Pálma Kristmundssonar eigi rétt til bóta vegna fjárhagstjóns úr hendi stefnda og verða slíkar bætur til handa stefnandans PK arkitekta ehf. metnar að álitum með hliðsjón af reglum 56. gr. höfundalaga og teljast hæfilega ákveðnar einsog greinir í dómsorði. Þá verður á það fallist að stefnandi, Pálmar, eigi rétt á að stefndi greiði honum miskabætur einsog greinir í dómsorði vegna hinna ólögsmætu brota með vísan til 3. mgr. 56. gr. höfundalaga og þess að með hinum ólögsmætu brotum hafi stefndi brotið gegn sæmdarrétti Pálmars og valdið honum ófjárhagslegu tjóni. Þá verður stefnda með vísan til þessara málalykta gert að greiða stefnendum málskostnað sem ákvarðaður verður handa þeim sameiginlega í einu lagi einsog nánar greinir í dómsorði. Af hálfu stefnenda flutti málið Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður en af hálfu stefnda Einar Brynjarsson lögmaður. Málið dæma Ástráður Haraldsson héraðsdómari sem dómsformaður, Sigríður Elsa Kjartansdóttir héraðsdómari og Þorkell Magnússon, arkitekt og sérfróður meðdómsmaður.

#### D ó m s o r ð

Stefnda, UNDRÁ ehf., er skylt innan viku frá uppkvaðningu dóms þessa að láta af birtingu eftirtalinna byggingarlistaverka að viðlögðum 10.000 króna dagsektum vegna hvernar birtingar: Á forsíðu vefsíðu stefnda, [www.undra.is](http://www.undra.is), ljósmynd af byggingu T4 á Hafnartorgi í Reykjavík, ljósmynd af byggingunni að Norðurbakka 7–9 í Hafnarfirði, ljósmynd af byggingunni að Laugavegi 4–6 í Reykjavík, ljósmynd af byggingunni að Lynghálsi 4 í Reykjavík og ljósmynd af byggingu Alvotech að Sæmundargötu 15–19 í Reykjavík. Í færslu 25. maí 2021 á Facebook-síðu stefnda ljósmynd af byggingu H2 á Höfðatorgi, Katrínartúni 4 í Reykjavík. Stefndi greiði stefnanda, PK arkitektum ehf., 1.000.000 króna með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags. Stefndi greiði stefnanda, Pálmari Kristmundssyni, miskabætur að fjárhæð 400.000 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá uppkvaðningu dóms þessa til greiðsludags. Stefndi greiði stefnendum, Pálmari Kristmundssyni og PK arkitektum ehf., óskipt 2.000.000 króna í málskostnað.

Ástráður Haraldsson  
Sigríður Elsa Kjartansdóttir  
Þorkell Magnússon